

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs. Sjálfseignarstofnunin Skjólgarður er stofnandi sjóðsins.

#### 2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

#### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000 og má ekki skerða þá fjárhæð. Stofnféð skal árlega taka breytingum miðað við neysluverðsvísitölu og skal miðað við grunnvísitöluna 174.2 stig.

#### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að taka þátt í að fjármagna kaup á tækjum og búnaði fyrir Skjólgarð.
2. Að stuðla að eflingu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði með fjárframlögum í einstök verkefni, þó ekki til almenns rekstrar.
3. Að veita lán til uppbyggingar heilbrigðis- og öldrunarmála í sveitarfélaginu.

#### 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Gjafir og áheiti til sjóðsins.
2. Sala minningarkorta Skjólgarðs.
3. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
4. Vextir af lánum.
5. Aðrar tekjur.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög úr sjóðnum hverju sinni og eðlileg lánakjör.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og tveir til vara. Þeir eru tilnefndir af heilbrigðis- og öldrunarráði Hornafjarðar í upphafi hvers kjörtímabils nýrrar bæjarstjórnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

#### 8. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn sjóðsins fyrir lok júní ár hvert og sendur Ríkisendurskoðun eins og lög og reglur mæla fyrir um.

#### 9. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður varðveitir eignir sjóðsins og skal leitast við að ávaxta hann á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það er talið nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna eða annarra ríkra ástæðna. Engin breyting á skipulagsskrá fær þó gildi nema til komi samþykki meirihluta kjörinna stjórnarmanna í heilbrigðis- og öldrunarráði Hornafjarðar.

11. gr.

Ef sjóðurinn verður lagður niður þá skulu eignir sjóðsins renna til Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem skal ráðstafa þeim í þágu aldraðra í sveitarfélaginu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. nóvember 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*